

Kirkjuþing 2025 - 2026

23. mál - þskj. 23a

T I L L A G A

að breytingu á starfsreglum um söfnuði og sóknarnefndir nr. 16/2021-2022.

Flm. Ásmundur Máni Þorsteinsson.

3. mgr 10. gr. starfsreglnanna breytist og hljóðar svo:

Sóknarprestur og aðrir prestar í prestakallinu skulu að jafnaði sitja sóknarnefndarfundir og sóknarprestur fundi framkvæmdanefndar ef hún starfar. Enn fremur aðrir starfsmenn sóknarinnar ef málefni þeirra eru sérstaklega til umræðu á fundinum. **Sóknarnefnd skal eiga fundi með með barna- og æskulýðsleiðtogum með reglubundnum hætti í það minnsta þrjá fundi á hverjum starfsvetri.** Sóknarnefnd skal fylgja vanhæfisreglum gildandi starfsreglna um þingsköp kirkjuþings hverju sinni um meðferð einstakra mála.

Greinargerð.

Kirkjuþing unga fólksins, sem haldið var í Fella- og Hólakirkju þann 19. október sl., samþykkti eftirfarandi ályktun:

Kirkjuþing unga fólksins leggur til að í starfsreglum um söfnuði og sóknarnefndir verði tekið fram að sóknarnefndum sé skylt að eiga fund með barna- og æskulýðsleiðtogum með reglubundnum hætti í það minnsta þrjá fundi á hverjum starfsvetri

Með þessari tillögu er lagt til að tryggt verði að formlegt og reglulegt samstarf sé á milli sóknarnefnda og æskulýðsstarfs innan safnaðanna. Markmið tillögunnar er að styrkja stöðu barna- og ungmennastarfs í kirkjunni, auka tengsl kynslóða og tryggja að rödd ungs fólks heyrir við ákvarðanatöku í safnaðarstarfi. Reglulegir fundir auka upplýsingaflæði, stuðla að betra skipulagi og samstöðu um forgangsöröðun í æskulýðsstarfi. Fundir sem þessir eru ekki aðeins til þess fallnir að auka upplýsingaflæði um stöðu starfsins heldur eykur einnig tækifæri sóknarnefndar að vera virkur þátttakandi í mótun starfsins.